



# Reglur um leikskóla í Árborg

## Gildissvið

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun í leikskóla Árborgar og um gjaldtöku og innheimtu fyrir leikskóladvöl. Þessar reglur gilda jafnframt um sjálfstætt starfandi leikskóla sem rekstrarleyfi hafa í Sveitarfélaginu Árborg. Foreldri er hér notað yfir þá sem fara með forsjá barns skv. barnalögum nr. 76/2003.

## 1. gr. Skilyrði fyrir leikskóladvöl

Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að lögheimili þess (skv. Þjóðskrá) og föst búseta sé í Sveitarfélaginu Árborg og að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við sveitarfélagið vegna leikskólagjalda.

Fjármálasviði sveitarfélagsins er heimilt að gera samkomulag við foreldra um eldri skuldir svo að yngra barn þeirra geti hafið leikskólagöngu, en í því felst m.a. að fjármálasviði er heimilt að segja upp leikskóladvöl yngra barns verði ekki staðið við samkomulag um greiðslu vegna eldri skulda.

Hefji barn nám í grunnskóla fellur niður réttur til leikskóladvalar í leikskólum Árborgar.

Foreldrar sem hyggjast flytja í Árborg geta sótt um leikskóladvöl fyrir barn sitt. Leikskólaplássum til barna sem ekki eiga lögheimili í Árborg er úthlutað á sama tíma og til þeirra barna sem eiga lögheimili í Árborg. Réttur til leikskóladvalar fellur niður ef lögheimili hefur ekki verið flutt í Árborg 10 dögum fyrir upphaf aðlögunar og öðru barni boðin vistun.

## 2. gr. Opnunartími

Almennur opnunartími leikskóla er frá kl. 07:45 til 16:15.

Hægt er að óska eftir sveigjanlegri vistun fyrir börn. Sveigjanleikinn getur verið hluti úr degi eða fleiri dögum í viku en alltaf fastir dagar. Þó getur vistun aldrei verið styttri en fjórir tímar á dag.

Leikskólar eru lokaðir vegna skipulags- og námskeiðsdaga, leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Sjá leikskóladagatöl leikskólanna.

Leikskólar Árborgar eru lokaðir vegna sumarleyfa í samtals 24 virka daga í júlí til ágúst ár hvert.

Foreldrar geta sótt um að hámarki 10 daga í aukið sumarfrí fyrir börn sín í samfellu við sumarlokun leikskólanna og fengið leikskólagjöld felld niður þann tíma. Fyrirkomulagið getur verið á þá leið að foreldrar taki einhverja daga fyrir sumarlokun og einhverja daga eftir. Einnig geta þeir tekið 10 daga samfellt fyrir eða eftir sumarlokun. Umsókn um aukið sumarfrí þarf að berast í gegnum leikskólakerfið, [vala.is](http://vala.is), fyrir 1. mars ár hvert.

Leikskólar Árborgar eru lokaðir á aðfangadag og gamlársdag.

Leikskólagjöld eru felld niður vegna virkra daga milli jóla og nýárs, vegna barna sem ekki sækja leikskóla á þeim tíma, enda hafa foreldrar sótt um niðurfellingu í gegnum leikskólakerfið, [vala.is](http://vala.is) fyrir 15. desember ár hvert.

Leikskólar Árborgar geta þurft að loka vegna veðurs og er þá farið eftir leiðbeiningum frá Almannaöðrum og samráð haft við yfirstjórn sveitarfélagsins, leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa.

### **3. gr. Umsókn og meðferð umsókna**

#### *3.1. Almenn um umsóknir og meðferð þeirra*

Sveitarfélagið Árborg starfrækir leikskóla en nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni [www.arborg.is](http://www.arborg.is).

Umsókn um leikskóla fer fram í gegnum leikskólakerfið, [vala.is](http://vala.is). Hægt er að fá aðstoð við að fylla út rafræna umsókn um leikskóladvöl í þjónustuveri í Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, sími: 480-1900.

Miðað er við að börn geti hafið leikskóladvöl eins fljótt og kostur er en helst eigi síðar en á því ári sem þau verða tveggja ára. Sækja má um leikskóla strax og kennitala barns hefur verið skráð.

Foreldrar geta sótt um fleiri en einn leikskóla fyrir barn sitt. Þegar sótt hefur verið um leikskóladvöl fá foreldrar staðfestingu um að umsókn hafi verið móttækin. Börn innritast í leikskóla eftir kennitölu, þau elstu fyrst, sjá þó í gr. 4 um forgang. Frá þessu er gerð sú undanþága að losni leikskólaláss, þrátt fyrir þá megin reglu að kennitöluröð ráði innritun í leikskóla, að taka inn elsta barn á samsvarandi aldri við aldursbil barna á viðkomandi deild, að því tilskildu að eldri börn á biðlista viðkomandi leikskóla séu þegar með dagvistarúrræði í Árborg. Undanþágan er ávallt veitt í samráði við skólajónustu Árborgar. Einnig er hægt að veita undanþágu frá kennitölureglunni til sjálfstætt starfandi leikskóla með tilliti til hugmyndafræði þeirra.

Börn sem eiga systkini í umsóknarleikskóla njóta systkinatillits í viðkomandi leikskóla svo framarlega sem þeim börnum sem eru fyrir framan þau á biðlista býðst leikskóladvöl í öðrum leikskóla sem forsjármenn setja til vara.

Sjálfstætt starfandi leikskólar eru með samning við fjölskyldusvið Árborgar vegna vistunar barna í Árborg. Samningur fjölskyldusviðs felur í sér að greitt er framlag til þeirra vegna barna sem innritast og uppfylla skilyrði um aðgang í leikskóla Árborgar.

### *3.2. Umsókn um flutning milli leikskóla innan Árborgar*

Foreldrar geta óskað eftir flutningi milli leikskóla innan Árborgar. Sækja skal um á leikskólakerfinu, [vala.is](http://vala.is). Bent er á að nokkurn tíma getur tekið að fá pláss í nýjum leikskóla. Eftir að sótt er um flutning milli leikskóla fer barnið á biðlista og er þá farið eftir úthlutunarreglum, sjá 5. gr.

### *3.3. Umsókn um leikskóladvöl í Árborg (lögheimili í öðru sveitarfélagi)*

Fjölskyldur sem eiga lögheimili annars staðar á Íslandi en dvelja tímabundið af sérstökum ástæðum í Árborg geta sótt um leikskólapláss í Árborg. Í þeim tilfellum skal samþykki lögheimilissveitarfélags um að greiða Sveitarfélaginu Árborg hlut sveitarfélagsins í leikskólakostnaði liggja fyrir áður en leikskóladvöl hefst. Umsóknir skulu sendar á netfangið [skolahjonusta@arborg.is](mailto:skolahjonusta@arborg.is) auk staðfestingar lögheimilissveitarfélags um samþykki greiðslu. Ef lögheimili barns, sem er með leikskólapláss í Árborg, er flutt í annað sveitarfélag, missir barnið plássið næstu mánaðamót á eftir. Hægt er að halda plássinu að undangenginni umsókn um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags ef samþykki lögheimilissveitarfélags liggur fyrir greiðslu sveitarfélagshluta leikskólagjaldanna að hámarki í 6 mánuði.

### *3.4. Umsókn um leikskóladvöl utan Árborgar (lögheimili í Árborg)*

Leikskólabörn skulu að jafnaði sækja leikskóla í því sveitarfélagi þar sem þau eiga lögheimili.

Skólaþjónusta Árborgar fjallar um umsóknir um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags. Sótt er um á þjónustuvef sveitarfélagsins Mín Árborg. Við meðferð umsókna skal farið að ákvæðum laga um leikskóla nr. 90/2008 og stjórnisýslulaga nr. 37/1993. Í umsókn þarf að tilgreina ástæður þess að óskað er eftir leikskóladvöl utan sveitarfélags og fylgja þarf rökstuðningur fyrir umsókninni. Úrvinnsla umsókna fer fram á afgreiðslufundum skólaþjónustu. Deildarstjóri skólaþjónustu ber ábyrgð á að svara umsóknum skriflega.

Gert er ráð fyrir að ósk um leikskóladvöl fyrir barn utan lögheimilissveitarfélags stafi einkum af eftirfarandi ástæðum:

- Barni er ráðstafað í fóstur samkvæmt ákvörðun barnaverndarþjónustu.
- Barn flyst í Árborg fyrir innritunardur í sveitarfélaginu en er í leikskóla eða ungbarnaleikskóla í öðru sveitarfélagi. Foreldrar geta þá sótt um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags til Árborgar. Sveitarfélagið greiðir aldrei hærri hluta af viðmiðunargjaldi Sambands íslenskra sveitarfélaga en sem nemur niðurgreiðslu til dagforeldris skv. Reglum sveitarfélagsins Árborgar um daggæslu barna í heimahúsum, þar til innritunardri er náð. Til að umsókn sé gild er nauðsynlegt að barn eigi virka umsókn í leikskóla í Árborg. Þegar barni hefur verið úthlutað leikskólaplássi í Árborg og

aðlögun hefst, fellur þetta samþykki úr gildi. Ef foreldrar hafna leikskólaplássi í Árborg fellur samþykkið einnig úr gildi.

- Barn flyst í Árborg og fær ekki úthlutað plássi á leikskóla vegna plássleysis. Barn er með leikskólapláss í öðru sveitarfélagi og á virka umsókn um leikskóladvöl í Árborg. Foreldrar geta þá sótt um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags til Árborgar. Ef samþykki fæst greiðir Árborg sveitarfélagshluta leikskólagjalda skv. viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þegar barni hefur verið úthlutað leikskólaplássi í Árborg og aðlögun hefst, fellur þetta samþykki úr gildi. Ef foreldrar hafna leikskólaplássi í Árborg fellur samþykkið einnig úr gildi.
- Ef barn með lögheimili í Árborg fær hvorki leikskólapláss né pláss í daggæslu innan sveitarfélagsins, og foreldrar þess óska eftir leikskólavist utan Árborgar, skal sveitarfélagið fylgja eftirfarandi viðmiðum:
  - Sveitarfélagið greiðir að hámarki því sem nemur niðurgreiðslu til dagforeldris skv. reglum sveitarfélagsins Árborgar um daggæslu barna í heimahúsum, þar til innritunardri í leikskóla er náð. Eftir að innritunardri í leikskóla er náð greiðir Árborg sveitarfélagshluta leikskólagjalda skv. viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga.
  - Til að umsókn sé gild skal barn eiga virka umsókn í leikskóla í Árborg.
  - Samþykki samkvæmt þessari málsgrein fellur úr gildi þegar barn hefur hafið aðlögun í leikskóla í Árborg.
  - Ef foreldrar hafna leikskólaplássi í Árborg fellur samþykkið samkvæmt þessari málsgrein einnig úr gildi.

### *3.5. Tímabundin leikskóladvöl (lögheimili erlendis)*

Fjölskyldur íslenskra ríkisborgara með erlent lögheimili, sem dvelja tímabundið í Árborg við nám eða störf, geta sótt um tímabundið leikskólapláss þó að hámarki í sex mánuði samfelld á hverju skólaári. Í þeim tilfellum er úthlutun leikskólapláss háð því að aðstæður í leikskólum séu með þeim hætti að unnt sé að taka við börnum tímabundið m.a. að leikskólapláss séu laus fyrir viðkomandi aldur og að fullmannað sé í leikskólum sem sótt er um í. Gjald fyrir slíka þjónustu er 50% af meðalraunkostnaði, sjá viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga.

### *3.6. Börn án kennitölu og lögheimilis*

Foreldrar barna sem eru tímabundið án kennitölu og lögheimilis eða þau skráð utangarðs í þjóðskrá geta sótt um leikskólapláss í Sveitarfélaginu Árborg. Það er skilyrði að foreldrar og barn séu með fasta búsetu í Árborg, skv. skilgreiningu laga um lögheimili og aðsetur nr. 80/2018, og að gera megi ráð fyrir að lögheimili, þegar það er fengið, verði í Árborg. Umsókn um undanþágu skal að jafnaði senda á netfangið [skolathjonusta@arborg.is](mailto:skolathjonusta@arborg.is).

Farið er fram á staðfestingu um búsetu í Árborg með eftirfarandi gögnum:

- a. Ríkisborgarar EES og EFTA ríkja og útlendingar sem heimilt er að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, þurfa að leggja fram staðfestingu á beiðni um skráningu lögheimilis í Sveitarfélaginu Árborg.
- b. Ríkisborgarar ríkja sem ekki eiga aðild að EES eða EFTA samningnum og er óheimilt að dvelja á Íslandi án dvalarleyfis, skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, þurfa að leggja fram staðfestingu á umsókn um dvalarleyfi og þarf að koma fram í umsókn að viðkomandi sé skráður með heimilisfang í Sveitarfélaginu Árborg.
- c. Hælisleitendur skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, þurfa að leggja fram skráningarskírteini hælisleitanda frá Útlendingastofnun og þarf Útlendingastofnun að hafa gert samning við Sveitarfélagið Árborg um að framfærsla og húsnæði hælisleitanda verði í höndum Árborgar.
- d. Flóttamannahópar og flóttamenn, skv. lögum um útlendinga nr. 96/2002, sem fengið hafa dvalarleyfi og Útlendingastofnun hefur gert samning um þjónustu vegna þeirra við Árborg þurfa að leggja fram staðfestingu þessa efnis.

#### 4. gr. Forgangur að leikskóla

Þegar sótt er um forgang að leikskóla er það gert hjá skólaþjónustu Árborgar á netfangið [skolathjonusta@arborg.is](mailto:skolathjonusta@arborg.is) og þurfa vottorð og önnur gögn að fylgja umsókninni. Umsóknir eru teknar fyrir á úthlutunarfundi skólaþjónustu og eru umsóknaraðilar upplýstir um afgreiðslu þeirra að honum loknum. Þó forgangur sé samþykktur er ekki víst að leikskóladvöl geti byrjað strax.

Sækja má um forgang að leikskólum Árborgar vegna:

- a) **Barna sem eru í elsta árgangi leikskóla.**
- b) **Fatlaðra barna og barna með alvarleg þroskafrávik.**
  - i. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja umsókn.
- c) **Barna sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi.**
  - i. Barnaverndarmál. Vottorð frá barnaverndarþjónustu skal fylgja umsókn.
  - ii. Alvarleg veikindi eða alvarleg fötlun hjá fjölskyldumeðlimum barnsins. Vottorð frá lækni eða öðrum opinberum aðilum skal fylgja umsókn.
  - iii. Börn foreldra undir lögaldri (18 ára).
  - iv. Börn einstæðra foreldra með þrjú eða fleiri börn á framfæri enda sé elsta barnið ekki eldra en 9 ára.
  - v. Þríburar.

Leikskóladvöl barns með samþykktan forgang hefst í fyrsta lagi við tólf mánaða aldur nema í sérstökum undantekningartilvikum.

## 5. gr. Úthlutun, dvalarsamningar og uppsögn á dvalarsamningi

Börn hefja að jafnaði leikskólagöngu á tímabilinu júní - september, en þá hætta þau börn sem hefja grunnskólagöngu að hausti. Úthlutun leikskólaplássanna fer einkum fram á tímabilinu mars - júní og eru foreldrar hvattir til þess að skrá vistunarumsóknir og flutningsumsóknir fyrir lok febrúar ár hvert. Ekki er unnið úr nýjum umsóknum og flutningsumsóknum í allt að 30 daga meðan unnið er úr fyrirleggjandi umsóknum eins og þær standa þegar úthlutun hefst. Á fyrsta úthlutunarfundi leikskólaumsókna í mars eru flutningsumsóknir afgreiddar á undan nýjum umsóknum. Í öðrum úthlutunum er unnið úr öllum umsóknum. Börnum er úthlutað leikskólaplássi eftir kennitölu, þeim elstu fyrst. Foreldrar fá rafræna staðfestingu þegar barn þeirra hefur fengið inngöngu í leikskóla. Foreldrar skulu staðfesta rafrænt að þeir þiggi eða hafni leikskólaplássi innan sjö daga frá dagsetningu rafrænu staðfestingarinnar. Hafi ekki borist staðfesting frá foreldrum innan tilskilins frests er barnið tekið af lista og öðru barni boðið plássið.

Leikskólastjóri/deildarstjóri tilkynnir foreldrum hvenær barnið getur hafið leikskólagöngu, eigi síðar en fjórum vikum áður en aðlögun hefst. Þiggi foreldrar ekki leikskólaplássið strax gefst þeim kostur á að halda því í allt að fjórar vikur svo fremi að greitt sé fyrir það.

Áður en leikskóladvöl barns hefst gera viðkomandi leikskóli og foreldrar með sér dvalarsamning. Með undirritun sinni staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá leikskóla Árborgar og reglur um leikskóla í Árborg og skuldbinda sig til að hlíta þeim eins og þær eru á hverjum tíma.

Uppsögn á leikskólaplássi þarf að hafa borist fyrir 15. hvers mánaðar og miðað er við að uppsögn taki gildi 1. næsta mánaðar. Uppsögn dvalarsamnings skal í öllum tilfellum vera skrifleg og skilast til leikskólastjóra. Sækja skal um breytingar á dvalartíma í leikskólakerfinu [vala.is](http://vala.is) fyrir 15. hvers mánaðar.

## 6. gr. Gjaldtaka

Sveitarfélagið Árborg greiðir að stærstum hluta kostnað við dvöl barna í leikskólum. Foreldrar greiða hluta kostnaðar í hlutfalli við þann tíma sem börn þeirra dvelja í leikskólanum, og nefnist sú greiðsluþátttaka námsgjald. Einnig greiða foreldrar hluta kostnaðar við þær máltíðir sem börnin fá í leikskólanum, fæðisgjald. Námsgjald og fæðisgjald nefnast einu nafni leikskólagjöld.

Fjárhæð námsgjalds, fæðisgjalds og systkinaafsláttar á hverjum tíma er samkvæmt gjaldskrá Árborgar eins og hún er birt á heimasíðunni, [www.arborg.is](http://www.arborg.is).

Foreldrar eru ábyrgir fyrir greiðslu leikskólagjalda.

**Gjaldskráin er samþykkt af bæjarstjórn og getur breyst án fyrirvara.**

**Gjaldskrá fyrir námsgjald er tvískipt:**

- Gjaldflokkur I = Hjón og sambúðarfólk.

- Gjaldflokkur II = Hjón og sambúðarfólk þar sem bæði eru í námi og einstæðir foreldrar. Sjá nánar í gr. 6.1, 6.2.

Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og fjölskyldunúmer og barn í leikskóla.

**Afsláttir samkvæmt þessum reglum er ekki veittur afturvirkir og miðast hann við þann dag sem gögnum er skilað til leikskólastjóra leikskóla barnsins og öllum skilyrðum fullnægt.** Leiðrétting leikskólagjalda kemur til frádráttar á leikskólagjöldum næsta mánaðar eftir að gögn hafa skilað sér.

Afsláttur fellur niður án fyrirvara uppfylli foreldrar ekki skilyrði afsláttar.

Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

### *6.1. Námsmannaafsláttur*

Afslátt af námsgjaldi fá hjón og sambúðarfólk sem bæði uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Eru í háskólanámi og skráðir í fullt nám á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða. Nám sem tekið er gilt er það sama og nám sem lánshæft er hjá LÍN.
- Eru í framhaldsskóla og skráðir í fullt nám á önn. Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða. Sækja þarf um námsmannaafslátt í Völu - leikskólakerfi vala.is.

Eignist hjón eða sambúðarfólk, er notið hafa námsmannaafsláttar, barn, geta þau sótt um að fá námsmannaafslátt á meðan fæðingarorlof stendur, þó að hámarki í 10 mánuði þrátt fyrir að annað foreldrið uppfylli ekki framangreind skilyrði um lágmarksfjölda eininga á önn enda fylgi umsókn staðfesting frá fæðingarorlofssjóði um að það foreldri sem ekki uppfyllir skilyrði námsmannaafsláttar sé í fæðingarorlofi.

Afsláttur reiknast frá 1. degi næsta mánaðar.

### *6.2. Afsláttur til einstæðra foreldra*

- Afsláttur er veittur að fenginni umsókn. Umsókn skal endurnýjuð árlega í Völu - leikskólakerfi, fyrir 15. ágúst.
- Foreldri sem greiðir námsgjald sem einstætt foreldri þarf að vera skráður einstæður í þjóðskrá.
- Ef foreldrar skilja/slíta sambúð þarf að skila leikskólastjóra staðfestingu frá sýslumanni þess efnis.

Afsláttur reiknast frá 1. degi næsta mánaðar.

Afsláttur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er endurkræfur samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og verða hlutaðeigandi krafðir um mismuninn.

### 6.3. Systkinaafsláttur

Í Sveitarfélaginu Árborg er veittur systkinaafsláttur skv. gildandi gjaldskrá. Afslátturinn er einungis veittur af námsgjaldi en ekki af fæðisgjaldi. Afslátturinn reiknast ávallt á elsta barn og gildir hann milli frístundaheimila, leikskóla og dagforeldra.

### 6.4. Veikindi barns

Ef barn er fjarverandi í fjórar vikur samfelld eða lengur vegna veikinda geta foreldrar sótt um niðurfellingu fæðiskostnaðar en greiða ávallt leikskólagjaldið. Skila þarf læknisvottorði til leikskólastjóra sem staðfestir að barn hafi ekki getað sótt leikskóla.

## 7. gr. Innheimta

Leikskólagjöld eru innheimt fyrirfram í gegnum heimabanka.

Gjalddagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 20 dögum síðar.

Leikskólagjöld eru ekki innheimt þann tíma sem leikskólinn er lokaður vegna sumarleyfis. Það á einnig við vegna jóla- og nýárs- og hafa tilkynnt það til leikskólans.

Ef barn fer í sumarleyfi á öðrum tíma en á sumarleyfistíma leikskóla falla leikskólagjöld ekki niður.

Foreldrar þurfa að segja upp dvalarsamningi með þeim hætti sem fram kemur í 5. gr.

### 7.1. Innheimtuferill vegna vanskila

Séu leikskólagjöld ógreidd 10 dögum eftir eindaga fær greiðandi senda innheimtuviaðvörðun frá banka. Hafi krafa ekki verið greidd 30 dögum eftir eindaga fær greiðandi sent milli innheimtubrэф frá banka.

Auk dráttarvaxta sem reiknast af höfuðstól kröfu frá gjalddaga fram að greiðsludegi, sé krafa greidd eftir eindaga, bætist við kostnaður við útsendingu ítrekunarbréfa og innheimtu.

### 7.2. Uppsögn leikskóladvalar og verklagsreglur vegna vanskila foreldra

Sveitarfélagið Árborg áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna foreldra hafi greiðsla ekki borist 110 dögum frá gjalddaga. Uppsögn miðast við mánaðamót og er uppsagnarfrestur einn mánuður.

Sveitarfélagið Árborg áskilur sér rétt til þess að segja upp dvalarsamningi barna séu foreldrar þeirra í vanskilum vegna leikskólagjalda. Gildir þá einu þó að skuldin sé ekki vegna viðkomandi barns uppfylli krafan framangreint skilyrði, þ.e. sé eldri en 110 daga eða ekki hefur verið staðið við greiðslusamkomulag.



Skv. verklagsreglum vegna vanskila foreldra varðandi þjónustu við börn er hægt að fá uppsögn frestað að nánari skilyrðum uppfylltum. Starfsfólk sveitarfélagsins leiðbeinir foreldrum við að leita úrlausna á fjármálasviði Árborgar.

Komi til þess að barn sem hafið hefur leikskólagöngu nýti ekki leikskólaláss í tvo mánuði, án samráðs við leikskólustjóra, er heimilt að segja upp dvalarsamningi barnsins. Uppsögn miðast við 1. hvers mánaðar og er uppsagnarfræstur einn mánuður.

### **8. gr. Lagareglur og kæruleiðir**

Leikskólar Árborgar starfa samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008. Ákvarðanir Árborgar um rétt einstakra barna til aðgangs að skóla og um rétt til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar er hægt að kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytis, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008. Ákvarðanir um gjaldtöku fyrir barn í leikskóla er hægt að kæra til mennta- og menningarmálaráðuneytis, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla. Aðila máls er heimilt að kæra til innanríkisráðuneytis ákvarðanir Árborgar er kveða á um rétt eða skyldu manna sem lúta eftirliti ráðuneytisins, sbr. 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að aðila máls var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

### **9. gr. Gildistaka**

Reglurnar voru samþykktar á fundi fræðslu- og frístundarnefndar þann 9. október 2024 og bæjarstjórn þann 23. október 2024 og taka strax gildi.

### **10. gr. Tímabundin regla frá 1. ágúst 2024 til 31. júlí 2025**

Í tengslum við tilraunaverkefni sem verður í gildi frá 1. ágúst 2024 til 31. júlí 2025 verða innleiddir skráningardagar í leikskóla Árborgar. Skrá þarf börn sérstaklega og greiða fyrir nýttu þjónustu vegna þeirra daga hverju sinni. Skráning skal fara fram þremur vikum áður en þjónustan skal veitt. Skráningardagar á tímabilinu 1. ágúst 2024 til 31. júlí 2025 eru eftirfarandi daga: haustfrí 17.-18. október 2024, vetrarfrí 17.-18. febrúar 2025 og dymbilvika 14.-16. apríl 2025.

Almennur opnunartími leikskóla verður til kl. 14:00 á föstudögum. Hægt verður að kaupa þjónustu á milli kl. 14-16:15 en skrá þarf sérstaklega og greiða fyrir hana. Skráningu líkur kl. 23:59 á fimmtudagskvöldi vikuna á undan eða rúmri viku áður en viðkomandi þarf að nýta sér þjónustuna.

Á gildistíma þessarar tímabundnu reglu víkja önnur ákvæði þessara reglna sem skarast á við 10. gr. s.s. ákvæði varðandi opnunartíma og ákvæði varðandi gjaldtöku á tilteknum tímum.